

REYKJAVÍKURBORG
SEPTEMBER 2019

Þjónustumiðstöð borgarlandsins

Greining með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags-
og starfsáætlunar



Umhverfis- og skipulagssvið

Greining þjónustubátta

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Nafn ábyrgðaraðila: Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri

Greiningaraðilar/teymi: Steinunn Rögnvaldsdóttir, Hreinn Ólafsson, Anna Guðmunda Andrésdóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Björn Ingvarsson.

Áætlaður kostnaður og tekjur v. þjónustubáttar skv. nýjustu fjárhagsáætlun:

Rekstur þjónustumiðstöðvar, raunkostnaður 2018

Kostn.st	Heiti	Tegund	Raun 2018
3261	Þjónustumiðstöð Stórhöfða	Tekjur	-17.375
3261	Þjónustumiðstöð Stórhöfða	Laun og launatengd gjöld	289.289
3261	Þjónustumiðstöð Stórhöfða	Annar rekstrarkostnaður	113.901
			385.814

Rekstur og viðhald gatna og opinna svæða í umsjón þjónustumiðstöðvar borgarlandsins, raunkostnaður 2018

Kostn.st	Heiti	Tegund	Raun 2018
3204	Hreinsun borgarlandsins		253.563
3205	Grassláttur		94.478
3206	Vetrarþjónusta		463.234
3207	Yfirborðsmerkingar gatna		677
3208	Umferðamerki, umferðaljós ofl.		25.564
3210	Náðhús		41.066
3211	Strætó		10.099
			888.681

Skipulag og verkefni innan þjónustubáttarins

Þjónustumiðstöð borgarlandsins sinnir neðangreindum verkefnum:

- Umsjón með umferðarljósum á öllu höfuðborgarsvæðinu (umferðastýring er þó í umsjón skrifstofu samgangna og borgarhönnunar)
- Umsjón með umferðarskiltum í Reykjavík (þó ekki þeim sem eru á vegum Vegagerðar ríkisins)
- Umsjón með strætóskýlum í Reykjavík (þó ekki með skýlum sem eru boðin út)
- Grassláttur á borgarlandi (ekki í skruðgördum)
- Eftirlit með yfirborðsfrágangi

- Umsjón með drykkjarfontum (staðsetning drykkjarfonta er ákveðin á skrifstofu framkvæmda og viðhalds og skrifstofu samgangna og borgarhönnunar)
- Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða
- Vetrarþjónusta gatna
- Umsjón með hitakerfum (snjóbræðslu) í borgarlandi
- Vor- og hausthreinsun í borgarlandi
- Hreinsun við grenndargáma
 - o Samstarfsverkefni með Iðjubergi
- Umsjón með móttöku nýrra verkefna í rekstur / Umsjón með ábendingavef fyrir SRU
- Umsjón með matjurtagörðum
- Umsýsla vegna trjáfellingum innan og utan lóða
- Vinna við trjágróður utan lóðamarka – umsýsla
- Vélaverkstæði fyrir umhverfis- og skipulagssvið

Forgang/framvindu/yfirlit neðangreindra verkefna má sjá í borgarvefsjá:

- Hreinsun gatna og stíga
 - o [Forgangur](#)
 - o [Framvinda](#)
- Snjóhreinsun stíga
 - o [Forgangur](#)
- Snjóhreinsun gatna
 - o [Forgangur](#)
- Upphitun gatna / Stýringar
 - o [Yfirlit](#)
- Stoppistöðvar strætó
 - o [Yfirlit](#)
- Drykkjarfontar
 - o [Yfirlit](#)
- Grassláttur
 - o [Framvinda](#)
- Matjurtagarðar
 - o [Yfirlit](#)

Starfsfólk og vinnuaðstaða

Á þjónustumiðstöð starfa 33 starfsmenn: 30 karlar og 3 konur (Sumarstarfsfólk og verktakar eru hér ekki með talin). Almennur vinnutími er 07:30-17:00 á mánudögum, 07:30-16:00 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum á meðan stöðin er þátttakandi í tilraunaverkefni um styttingu vinnuviku (annars ætti að vinna til 17:00) og 07:30-15:25 á föstudögum. Stjórnandi hefur orðið var við að það íþyngi umsækjendum um störf að vinnutíminn hefjist kl. 07:30, vegna opnunartíma leikskóla/skóla. Þetta er sami eða svipaður almennur vinnutími og á hverfabækistöðvum og verkabækistöðvum garðyrkju á USK. Umhugsunarvert er hvort að þessi vinnutími er í takt við áherslur Reykjavíkurborgar um samræmingu starfs- og einkalífs og hvort á þessu máli séu einhverjar raunhæfar lausnir.

Á vinnustaðnum eru 18% starfsfólksins með fötlun. Hluti þeirra vinnur verkefni sem tengjast hreinsun við grenndargáma og er það samstarfsverkefni með Iðjubergi (starfsstað á velferðarsviði).

Samstarfinu var komið á að frumkvæði deildarstjóra á þjónustumiðstöðinni árið 2017 og hefur reynslan af því verið mjög góð (sjá nánari umfjöllun síðar í skýrslunni). Aðstaða á starfsstað er almennt góð og ekki hafa komið upp nein aðgengisvandamál svo vitað sé. Þó hafa komið upp mál þar sem bílbelti hafa þótt þröng og erfitt að fá vinnufatnað vegna líkamsstærðar – brugðist er við því eftir bestu getu og allt starfsfólk fær vinnuföt og öryggisbúnað við hæfi.

Umfjöllun um verkefni

Umferðaljós, umferðarskilti og strætóskýli

Umsjón með umferðarljósum á öllu höfuðborgarsvæðinu, umferðaskiltum í Reykjavík (undanskilin þau sem eru á vegum Vegagerðarinnar) og strætóskýlum í Reykjavík (þó ekki með skýlum sem eru boðin út¹), eru verkefni sem snúast fyrst og fremst um viðhald og umsjón ljósa, skilta og skýla. Umferðastýring og ákvarðanataka um staðsetningu og fjölda, eru teknar á öðrum vettvangi, oftast hjá eða í samráði við skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Eftirlit og umsjón

Þjónustumiðstöð sinnir eftirliti með yfirborðsfrágangi (einungis verktakar á vegum RVK-borgar hafa heimild til að ganga frá yfirborði), umsjón með drykkjarfontum og rekur vélaverkstæði fyrir umhverfis- og skipulagssvið. Verkefnisstjóri á þjónustumiðstöð hefur umsjón með verkefnum sem varða trjáfellingar innan og utan lóða og vinnu við trjágróður utan lóðamarka en þegar kemur að framkvæmdum vegna þessa eru það starfsmenn í garðyrkju sem sinna því. Verkefnastjórinn hefur einnig umsjón með móttöku nýrra verkefna sem eru byggð upp í borgarlandinu og færast svo í rekstur hjá skrifstofu reksturs og umhirðu, s.s. stígar eða mannvirki.

Á þjónustumiðstöð starfar umsjónarmaður hitakerfa í borgarlandi. Umsjónarmaðurinn sinnir viðhaldi og hefur umsjón með hitakerfunum. Ákvarðanir um lagningu hitakerfa í jörð (snjóbræðslu) á nýjum stöðum eru teknar hjá Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar².

Hreinsun og grassláttur

Lagt er upp með að allir íbúar Reykjavíkur upplifi sambærilega þjónustu er kemur að vor- og hausthreinsun og var því á síðustu misserum horfið frá þeirri aðferð að hreinsa borgina hverfaskipt, út frá póstnúmerum eingöngu. Þess í stað var farið að hreinsa hana eftir ákveðnum forgangi, sem má kynna sér í Borgarvefsjá. Með því móti á upplifun íbúa að vera sú að hreinsun sé hafin, hvar sem fólk er statt í borginni. Húsagötur eru þó enn þrífarnar út frá póstnúmerum.

En einhversstaðar þarf alltaf að byrja og einhversstaðar að enda og er reynt að dreifa því á hverfin eins og hægt er. Þannig er reynt að byrja í t.d. Breiðholti eitt árið og t.d. Grafarvogi næsta ár, þó þannig að íbúar upplifi innan ca. þriggja vikna að það sé byrjað að hreinsa hjá þeim. Kvörtunum hefur

¹ Í maí 2019 voru rúmlega 230 skýli í umsjón Reykjavíkurborgar og tæplega 150 skýli í umsjón annarra aðila.

² Sjá skýrslu um KFS-greiningu á þjónustuþættinum *Samgöngur og borgarhönnun*

fækkað mjög mikið með nýju verklagi, að mati stjórnanda, sem kveðjur svo fast að orði að hans tilfinning sé að þeim hafi fækkað um 95%. Sama á við um kvartanir vegna grassláttar, þar hefur kvörtunum fækkað mjög. Ástæðuna má að mati stjórnanda rekja til þess að tæki vegna grassláttar voru endurnýjuð og slátturumferðum fjölgað í samræmi við aukna getu vegna nýrra tækja.

Vetrarþjónusta

Götur eru teknar í vetrarþjónustu eftir einföldum forgangi sem miðar að því að halda reykvisku atvinnulífi gangandi. Helstu stofnbrautir og allar strætóleiðir eru í forgangi 1, sem er með það markmið að vera alltaf fullfær öllum bifreiðum. Fáfarnari stofn- og tengibrautir eru í þjónustuflokki 2, sem er tekinn að lágmarki einu sinni á dag ef snjóar, en annars eftir þörfum. Slíkar leiðir mæta þó afgangi gagnvart þjónustuflokki 1. Í síðasta útboði voru allar götur að grunn- og leikskólum settar í þennan flokk, en áður var það misjafnt eftir skólum og engin sérstök regla þar á. Starfsfólk grunn- og leikskóla og nemendur eiga því alltaf að hafa greiðan aðgang að skólum þar sem leiðir að grunn- og leikskólum eru alla jafnan líka í fyrsta forgangi þegar kemur að göngu- og hjólaleiðum.

Göngu- og hjólaleiðir eru teknar eftir forgangi líkt og göturnar, þar sem stofnbrautir hjólaleiða eru í sérflokk 1a, en slíkar leiðir eru skafnar, sópaðar og pæklaðar. Auk þess hefur verið prófað að salta fleiri leiðir en hingað til, í von um að fólk upplifi aukningu á þjónustu. Alltaf er leitast við að kostnaður rjúki ekki upp í leit starfsfólks að bættu þjónustustigi. Leiðir að grunn- og leikskólum eru alla jafnan í fyrsta forgangi er kemur að öðrum stígum (á eftir sérflokk 1a), en allir aðrir stígar eru skafnir og sandaðir, sú vinna er í höndum verktaka í dag. Byrjað er að vinna við forgangsléiðir í götum annars vegar og stígum hins vegar á sama tíma. Vetrarþjónustu götu- og gönguleiða er að mestu leyti sinnt af verktökum, en vetrarþjónustu hjólaleiða af starfsfólki þjónustumiðstöðvarinnar. Verkefnisstjórn er á höndum starfsmanna þjónustumiðstöðvar.

Ákvarðanir um forgangsröðun í vetrarþjónustu eru teknar af fagfólki á skrifstofu rekstur og umhirðu borgarlandsins. Fagráð fá kynningar um hvernig staðið er að forgangsröðun og tillögur um að auka þjónustustig eru lagðar fyrir ráðið. Ekki er reglulegt samráð við íbúa eða samtök hagsmunaaðila en tekið við ábendingum þeirra. Farið er yfir ábendingar frá hjólandi og gangandi og fylgst með ábendingum og umræðum í samfélaginu, til að hafa sem besta yfirsýn yfir hvernig á að forgangsráða.

Skýrslan *Samgöngur og jafnrétti*³ veitir nokkra innsýn inni jafnréttissjónarmið þegar kemur að því að greina hver nota hvaða parta samgangnakerfisins og þar af leiðandi, hvernig vetrarþjónustan hefur áhrif á þau. Í skýrslunni er vitnað í niðurstöður ferðavenjukönnunar Capacent fyrir Höfuðborgarsvæðið 2017, en þar kemur fram að nokkuð jafnt hlutfall er milli kynjanna þegar að kemur að ferðamátunum almenningssamgöngum og því að fara ferða sinna gangandi, en fleiri karlar en konur ferðast hjólandi. Þó kemur fram að niðurstöður um að hlutfall kvenna og karla sem fara ferða sinna gangandi stangast á við rannsókn Vegagerðarinnar um ferðamynstur og vinnusóknarsvæði en samkvæmt þeirri rannsókn er hlutfall kvenna sem ferðast aðallega gangandi talsvert hærra en karla (sjá kafla 6 í skýrslunni)

³[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/samgongur_og_jafnretti_oppfaert/\\$file/Samg%C3%B6ngur%20og%20jafnr%C3%A9tti_%C3%A1fangask%C3%BDrsla_20181012.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/samgongur_og_jafnretti_oppfaert/$file/Samg%C3%B6ngur%20og%20jafnr%C3%A9tti_%C3%A1fangask%C3%BDrsla_20181012.pdf)

Í skýrslunni kemur einnig fram að konur eru skráðar fyrir 37% af öllum fólksbílum á landinu en karlar 63%. Það er samt ekki alveg að marka þar sem að hjá sambúðarfólki er karl oft skráður fyrir fólksbifreið þó kona keyri hana. Hvað varðar bílaeign einstæðra karla og kvenna, þá segir í skýrslunni:

Beinn fjöldi einstæðra bifreiðaeiganda eru 29.104 konur en 62.184 einstæðir karlar. Þá vaknaði upp sú spurning hvort að heildarfjöldi einstæðra karla á landinu væri mögulega meiri en einstæðra kvenna. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu fyrir 1.jan 2018 er því þó einmitt öfugt farið, heildarfjöldi einstæðra kvenna er meiri en einstæðra karla. Konurnar eru 57.932 en karlarnir 56.942. Þannig eru 5.200 fleiri einstæðir karlar skráðir fyrir bifreið en finnast á landinu, sem skýrist væntanlega af því að margir karlar eru skráðir fyrir meira en einni bifreið. Með nokkuð mikilli einföldun má segja að hver einasti einstæði karl á landinu sé skráður fyrir 1,1 bifreið en hver einasta einstæða kona einungis hálfri bifreið⁴.

Ef verktakar/starfsmenn í vetrarþjónustu gatna moka upp hrygg við strætóskýli, er það í verkahring hverfastöðvar að sjá um mokstur svo aðgengi að skýli sé gott. Hverfastöð moka alla jafnan einu sinni á dag, en vetrarþjónusta gatna getur verið að fara þrjá hringi yfir daginn, það er því töluvert ósamræmi þarna. Þar sem þveranir gatna eru inni á vetrarþjónustu-kortum er það verktaka að sjá til þess að þær séu greiðar. Ef ekki, þá er það hlutverk hverfastöðva⁵. Líkt og við strætóskýli, þá er alla jafnan einungis um eina umferð að ræða á dag.

Ljóst er að þarna er ákveðið ósamræmi í þjónustu á götum og svo við strætóskýli og þveranir, en það er ekki alveg einfalt mál ef á að taka á því. Slíkar aðgerðir myndu krefjast aukins fjölda verktaka, en erfitt hefur reynst að fá aðila í þessi verkefni. Einnig myndi vera þörf fyrir aukið eftirlit af hálfu hverfastöðva og fjölgunar útkalla verktaka, sem myndi koma til með að auka kostnað þann sem nú er við að moka frá strætóskýlum. Kostnaður við snjómokstur við strætóskýli kostar skv. stjórnendum á skrifstofu reksturs og umhirðu 7,5 m. kr. á ársgrundvelli. Auka þyrfti fjármagn upp í 25 m.kr. að þeirra mati til að fjölga umferðum og að auki er það hindrun að ekki eru nógu margar vélar í moksturinn á álagstímum, og á það bæði við um hverfastöðvar og meðal verktaka sem eru fengnir í þessi verk. Til skoðunar er á skrifstofu reksturs og viðhalds að gera rammisamning um vetrarþjónustu við skýli og þveranir.

Algengustu kvartanir í vetrarþjónustu snúa að því að söndun sé ábótavant og því að ekki er sólarhringsþjónusta á stígum eins og á götum. Þá kemur einnig fyrir að fólk „lokast af“ í húsagötum og sú þjónusta sem þau óska eftir er ekki í samræmi við forgangsröðun. Sérstaklega er það viðkvæmt þegar um er að ræða þjónustuþega VEL, sem nýta sér ferðaþjónustu fatlaðra sem kemst ekki að þegar svona er ástatt. Það hefur ekki verið skilgreint sem forgangsmál að tryggja þetta aðgengi og ekki í samræmi við núverandi forgangsröðun í vetrarþjónustu að bregðast sérstaklega við slíkum tilfellum. Ef ætti að gera það, er umhugsunarvert hvort það eigi að vera á ábyrgð USK sem sér um vetrarþjónustu eða VEL sem sér um ferðaþjónustu fatlaðra. Stjórnandi þjónustumiðstöðvar borgarlandsins hefur fundað með Öryrkjabandalagi Íslands um það sem betur má fara í vetrarþjónustu, t.d. hefur sérstaklega verið rætt um að minnka rastir eins og hægt er. Velferðarsvið hefur skilgreint öryggisforgang í húsagötum fyrir fatlað fólk, og hverfastöðvar USK sinna

⁴[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/samgongur_og_jafnretti_uppfaert/\\$file/Samg%C3%B6ngur%20og%20jafnr%C3%A9tti_%C3%A1fangask%C3%BDrsla_20181012.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/samgongur_og_jafnretti_uppfaert/$file/Samg%C3%B6ngur%20og%20jafnr%C3%A9tti_%C3%A1fangask%C3%BDrsla_20181012.pdf)

⁵ Eins og sjá má á umfjöllunni þá er vetrarþjónusta ekki einungis á höndum þjónustumiðstöðvar borgarlandsins þó ítarlega sé um hana fjallað hér, hún er líka verkefni hverfastöðva.

vetrarþjónustu skv. þeirri forgangsröðun. En í vetrarþjónustu er jaðarhópum í raun ekki sinnt sérstaklega að öðru leyti og þeir eru ekki í forgangi varðandi veitingu þjónustu miðað við fyrirkomulagið í dag.

Matjurtagarðar



Mynd 1: Matjurtagarðar við Logafold

Matjurtagarðar innan Reykjavíkurborgar eru á eftirtöldum stöðum:

- **Vesturbær við Þorragötu**
- **Fossvogur við enda Bjarmalands**
- **Laugardalur við enda Holtavegar**
- **Árbær við Rafstöðvarveg**
- **Grafarvogur við Logafold**

Reykjavíkurborg útdeilir einnig görðum í Skammadal í Mosfellsbæ.

Garðarnir eru afhentir 1. maí ár hvert. Leigugjöld ársins 2018 voru 5.000 kr. fyrir garðland í Skammadal (u.þ.b. 100m², 18 garðar í notkun árið 2018) og 4.800 kr. fyrir garð í fjölskyldugörðunum (u.þ.b. 20m²). Miðað við er að gjöldin dekki kostnað vegna umsýslu við garðana. Úthlutun garða var afturkölluð ef greiðsla hafði ekki borist á eindaga. Garðarnir eru auglýstir á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Garðar eru merktir en ekki tættir. Hægt er að komast í vatn hjá öllum görðum. Plöntur og útsæði fylgja ekki með görðunum, hægt að kaupa slíkt í flestum garðyrkjustöðvum. Notendur garðanna geta fengið græn og góð ráð um matjurtaræktun hjá starfsfólki USK.

Í meðfylgjandi töflum eru upplýsingar um nýtingu garðanna og kynjahlutfall þeirra sem eru skráð fyrir görðum. Eins og sést á tölunum eru fleiri konur en karlar skráð fyrir görðum á öllum stöðum nema Jaðarseli sem hefur nú verið tekinn úr notkun. Haustið 2018 voru gerðar endurbætur á matjurtagarðinum við Logafold og aðgengi fyrir hreyfihamlaða bætt, sjá mynd 1. Möguleikar eru fyrir hendi til að bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða að öðrum matjurtargörðum, til þess þarf aukið fjármagn sem þó eru ekki háar upphæðir – kostnaður við endurbætur á garðinum í Logafold voru um 9 milljónir.

	Porrágata						Fossvogur					
	Í boði	Leigt	Hlutfall	KK	KVK	Annað	Í boði	Leigt	Hlutfall	KK	KVK	Annað
2019	80	80	100%	20	52	8	83	45	54%	17	27	1
2018	80	80	100%	25	51	4	83	61	73%	22	37	2
2017	80	80	100%	29	48	3	83	64	77%	16	42	6
2016	80	80	100%	24	52	4	83	56	67%	16	40	0

	Laugardalur						Árbær					
	Í boði	Leigt	Hlutfall	KK	KVK	Annað	Í boði	Leigt	Hlutfall	KK	KVK	Annað
2019	93	91	98%	21	63	7	70	20	29%	10	10	0
2018	93	91	98%	27	51	13	70	26	37%	9	14	3
2017	93	92	99%	26	64	2	70	40	57%	14	18	8
2016	93	87	94%	21	65	1	70	36	51%	9	19	8

	Logafold						Jaðarsel					
	Í boði	Leigt	Hlutfall	KK	KVK	Annað	Í boði	Leigt	Hlutfall	KK	KVK	Annað
2019	54	54	100%	19	35	0	0	0	0			
2018	35	20	57%	6	13	1	0	0	0			
2017	93	29	31%	12	15	2	89	26	29%	12	11	3
2016	94	28	30%	6	21	1	89	31	35%	17	14	0

Atvinnumál fatlaðra – sérsveitin á Þjónustumiðstöð borgarlandsins

Á þjónustumiðstöð starfa nokkri starfsmenn sem eru með skerta starfsgetu vegna fötlunar, en þeir hafa áratuga starfsreynslu hjá Reykjavíkurborg. Með hækkandi aldri hafa þeir upplifað hrakandi heilsu og aukna erfiðleika með að sinna störfum sínum. Ábyrgð á þeim hefur hvílt að miklu leyti á samstarfsfólki á vinnustöðunum, sem er ekki þjálfað til að veita slíkan stuðning né er það í þeirra starfslýsingu að sinna þessum starfsmönnum meðfram sínum verkefnum. Slíkt fyrirkomulag var því ekki viðunandi. Árið 2013 var farið í verkefni þar sem starfsmennirnir sem um ræðir fóru að vinna saman í einum hóp með sér flokkstjóra og sérverkefni. Reynslan var ágæt framan af en leiddi í ljós mikilvægi aðkomu starfsfólks með fagþekkingu á málefnum fatlaðra. Hópurinn hefur tekið breytingum í samsetningu og verkefnið hefur breyst. Árið 2017 hófst af frumkvæði stjórnanda þjónustumiðstöðvar samvinnuverkefni við lðjuberg, starfsstað VEL. Eitt stöðugildi hjá þjónustumiðstöð fer til lðjubergs og starfsmaður þar sér um sérsveitina eins og hún er kölluð. Álaginu er dreift á milli 3ja starfsmanna lðjubergs. Hópurinn sér um hreinsun við grenndargáma.

Ávinningur af verkefninu er að sérsveitinni er nú sinnt af fólki með þekkingu á málefnum fatlaðra og álagi af starfi flokkstjóra er dreift á fleiri aðila. Mikil ánægja er með verkefnið, það gengur vel og hefur að mati stjórnanda verið til hagsbóta fyrir starfsmennina í sérsveitinni. Áhugi er til staðar bæði hjá USK og VEL um að fjölga í verkefninu en til þess þarf að koma viðbótar fjármagn. Þó skal það undirstrikað að verkefnið þarf ekki að kosta mikið og snýst um að taka samfélagslega ábyrgð og gera betur í atvinnumálum fatlaðra.

Aðgerðir

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir:

1. Kannað verði umfang verkefnis, kostnaður og ávinningur af því að gera úrbætur varðandi aðgengi þeirra sem eiga erfitt með gang, að matjurtargörðum Reykjavíkur.
Ábyrgð: Deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar og fjármáladeild USK í samráði við deild opinna svæða.
2. Lagt er til að fulltrúi USK í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og velferðarsvið skoði hvernig hægt er að styðja við verkefnið um atvinnumál fatlaðra sem er unnið í samstarfi Þjónustumiðstöðvar og løjubergs, og styðja þannig aukna atvinnuþátttöku fatlaðs fólks, í samræmi við grein 4.2.1 í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar (sjá neðangreint):

„Reykjavíkurborg stuðlar að því að færni og geta fatlaðs fólks sé viðurkennd í ríkari mæli, sem og framlag þess til vinnustaða sinna og vinnumarkaðarins í heild. Fatlaðir umsækjendur um störf hjá borginni skulu njóta forgangs séu þeir jafn hæfir eða hæfari en aðrir umsækjendur, samanber 32. grein laga um málefni fatlaðs fólks númer 59/1992. Fatlað fólk skal njóta sömu kjara og aðrir, samanber 1. grein í lögum um málefni fatlaðs fólks númer 59/1992. Reykjavíkurborg einsetur sér að ráða til starfa hjá borginni það hlutfall starfsfólks með skerta starfsgetu sem endurspeglar hlutfall þeirra í samfélaginu. Jafnframt einsetur borgin sér að hlutastörf séu í boði.“

Ábyrgð: Mannréttindafulltrúi USK í samvinnu við skrifstofu reksturs og umhirðu, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar og velferðarsvið.

3. Samspil vetrarþjónustu og ferðaþjónustu fatlaðra er mál sem vert er að skoða, en upplýsingar um þarfir og áhrif núverandi framkvæmdar á þjónustuþega liggja hjá velferðarsviði og því ætti mögulega að fela VEL athugun á því hvort þjónustan sé viðunandi eða hvort gera þurfi úrbætur. Í grein 4.3.2 í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir: *Þess er gætt, þegar þjónusta er skipulögð, að hún taki mið af þörfum ólíkra hópa fatlaðs fólks af öllum kynjum. Leiði niðurstöður til þess að breyta þurfi þjónustunni þarf að kostnaðarmeta það og gera ráð fyrir fjármagni í úthlutun til sviða.*

Ábyrgð: USK getur ekki hlutast til um að önnur svið framkvæmi greiningar. Starfshópi KFS á USK er falið að koma þessari ábendingu á framfæri við velferðarsvið.

4. Rýna mætti betur vinnutíma starfsfólks með aðferðafræði KFS og yrði það þá gert samhliða öðrum starfstöðvum umhverfis- og skipulagssviðs sem einnig hafa þennan vinnutíma. Umhugsunarvert er hvort vinnutíminn sé í takt við áherslur um jafnvægi milli starfs og einkalífs og myndi rýningin því leitast við að draga fram hvernig er hægt að koma til móts við þær áherslur.

Ábyrgð: Greiningarteymi KFS á USK mun taka þetta efni fyrir í greiningum á hverfastöðvum.

Eftirlit og mat

Skýrsla þessi skal kynnt fyrir ráðgjafahópi og stýrihópi KFS, sviðsstjóra USK, og skipulags- og samgönguráði & umhverfis- og heilbrigðisráði. 12 mánuðum eftir skil þessarar skýrslu fylgi starfshópurinn því eftir með fyrirspurn til ábyrgðaraðila hvernig tekist hafi til með aðgerðir þær sem lagðar hafa verið til. Niðurstöður þeirrar könnunar skulu kynntar sviðsstjóra.